


	Urriðaholtsskóli	
<b>Kennsluáætlun</b>		
	<p style="text-align: center;"><i>Hönnun og smíði</i> <i>Yngsta stig</i></p>	
<b>2x80 mín</b>		
	<b>Kennari: Marianna J. Mariúðóttir</b>	<b>Skólaárið 2021 - 2022</b>

<b>Tegund</b>	<b>Námsgögn</b>
<b>Kennslu-gögn</b>	Smíðæfni, tæki og áhöld greinarinnar.
<b>Annað</b>	<b>Lýsing</b>
<b>Kennslu-fyrirkomulag</b>	<p>Nemendur kynnast ólíkum smíðæfnum, verkfærum og viðartegundum og öðrum efnum sem hægt er að nota í smíði. Nemendur læra m.a. að saga, pússa, bora, líma, negla og skrúfa. Nemendur læra að teikna upp hugmyndir sínar og færa þær yfir á þann efnivið sem er notaður hverju sinni. Nemendur læra ábyrga umgengni um smíðastofuna og öryggisreglur við verklega vinnu.</p> <p>Áhersla er lögð á að nemendur hafa alltaf eitthvað val, ýmist um verkefni eða útfærslu.</p>
<b>Markmið</b>	<p>Markmið námsins er að gera nemendur sjálfstæða í verki, þjálfa vinnusemi og einbeitingu, verkfærni og stuðla að vinnugleði. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum verkfærum, efni og tækni og að hann öðlist færni sem hann getur yfirfært á önnur svið. Nemendur eru hvattir til að vera virkir í hönnunarferli og móti uppbyggingu og útlit hluta með notagildi þeirra í huga og þar fléttast inn áhersla á hagnýtingu þekkingar og nýsköpun og virðing fyrir umhverfinu.</p>
<p><b>Námsmat</b></p> <p>Lokanámsmat er í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.</p> <p><b>Matskvarði</b> : 5 tákni. Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Símat</li> <li>• Leiðsagnarmat</li> <li>• Þáttaka og virkni í kennslustund</li> </ul>

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar**

Hópur	Viðfangsefni
1. bekkur	<p>Myndarammi</p> <p>Nemendur smíða myndaramma. Í verkefninu æfa nemendur sig að mæla með tommustokk, festa smíðaeefni í hefilbekkinn, saga, pússa, líma og mála.</p>
2. bekkur	<p>Segull</p> <p>Nemendur hanna sinn eigin segul, teikna hann og saga út. Þá líma þeir segulinn aftan á. Í verkefninu æfa nemendur sig að teikna og yfirfæra á krossviðsplötu. Þau æfa sig að nota þvingu, saga, pússa, líma og mála.</p> <p>Frjálst verkefni úr afgangum og kubbum. Verkefnið reynir á skapandi hugsun, sögun, borun.</p>
3. bekkur	<p>Tálguð flauta</p> <p>Nemendur tálga flautu, bora göt í hana og pússa að innan. Þá læra þeir að "stilla" flautuna með díl. Nemendur æfa sig að nota læst grip við tálgun, pússa, líma.</p> <p>Leikfang</p> <p>Nemendur velja annað hvort mylluspjald eða kúluspaða. Í verkefninu þjálfast þeir í að mæla með tommustokk, saga, pússa, bora og mála.</p>
4. bekkur	<p>Tálguð flauta</p> <p>Nemendur tálga flautu, bora göt í hana og pússa að innan. Þá læra þeir að "stilla" flautuna með díl. Nemendur æfa sig að nota læst grip við tálgun, pússa, líma.</p> <p>Leikfang</p> <p>Nemendur velja annað hvort mylluspjald eða kúluspaða. Í verkefninu þjálfast þeir í að mæla með tommustokk, saga, pússa, bora og mála.</p>

